



Reglur um skólaakstur

1. gr. Gildissvið og orðaskýringar

Um skólaakstur í Flóahreppi gilda reglur sem settar eru af menntamálaráðuneytinu um skólaakstur í grunnskóla, nr. 656/2009 með síðari breytingum, ásamt sérákvæðum sem tilgreindar eru í reglum.

Reglur þessar taka til skipulags skólaaksturs milli heimilis og skóla. Heimili í reglum þessum merkir skráð lögheimili eða aðsetur nemanda.

2. gr. Ábyrgð

Flóahreppur ber kostnað og ábyrgð á öryggi, velferð og hagsmunum nemenda í skólaakstri og að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi skv. 2. gr. í reglum um skólaakstur í grunnskóla, nr. 656/2009

3. gr. Akstursáætlun

Fræðslunefnd í samvinnu og samráði við sveitastjóra og skólustjóra leggur fram akstursáætlun um skólaakstur við upphaf skólaárs þar sem fram koma upplýsingar um daglegan akstur s.s. akstursleiðir, fjölda farþega, tímasetningar og fjölda akstursdaga á skólaárinu.

Akstursáætlun er alla jafna ekki breytt innan skólaárs nema til komi fjölgun/fækkun nemenda sem nýta skólaakstur. Tillögur að breytingum þarf að leggja fyrir fræðslunefnd til samþykktar. Bílstjórar geta ekki gert breytingar nema að höfðu samráði við sveitastjóra/fræðslunefnd.

Áætlunina skal kynna skólaráði grunnskólans sbr. 8. gr. laga nr. 91/2008 og skal hún vera aðgengileg íbúum á heimasíðu Flóaskóla (www.floaskoli.is).

4. gr. Skipulag og umgengni

Sveitarfélag getur í reglum þessum sett almenn viðmið um skipulag skólaaksturs sbr. 1. mgr, 3 gr. í reglum um skólaakstur grunnskóla nr. 656/2009. Flóahreppur skipuleggur skólaakstur í samræmi við þarfir nemenda með hliðsjón af öryggi þeirra, velferð og umhverfisaðstæðum, svo sem fjarlægðar milli heimilis og skóla. Um er að ræða akstur nemenda Flóaskóla í Flóahreppi, til og frá skóla við upphaf og lok skóladags. Miða skal við að daglegur heildartími skólaaksturs, að meðtöldum biðtíma, sé að jafnaði ekki lengri en 120 mínútur.

Akstur nemenda í íþróttir og sund er skipulagður sérstaklega og getur verið breytilegur innan skólaársins samkvæmt stundaskrá. Sérstaklega er samið um þann akstur í upphafi skólaárs.

Skólustjóri ber ábyrgð á að skipuleggja sérstaklega annan akstur vegna vettvangsferða og félagsstarfa. Hann hefur heimild til að leita tilboða hjá þar til bærum aðilum.

Nemendur skulu vera tilbúnir á áætluðum tíma skólabíls og er miðað við að bílstjóri bíði ekki eftir nemendum. Forráðamenn bera ábyrgð á að láta bílstjóra vita ef barn/börn þeirra fara ekki með skólabíl.

Forráðamenn leita samþykkis skólabílstjóra óski þeir eftir að barn þeirra sé aukafarþegi í öðrum skólabíl og skal það frágengið með góðum fyrirvara (a.m.k. daginn áður).

Skólareglur, skv. 30. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, eiga við um framkomu og háttsemi nemenda í skólaakstri. Fara skal með brot á skólareglum skv. 14. gr. laga um grunnskóla. Nemendur skulu ganga vel um skólabílinn og taka eigur sínar með sér eftir hverja ferð. Forðast skal að trufla bílstjóra á meðan á akstri stendur, nema nauðsyn beri til.

Skólabílar eiga sérmerkt stæði við skólann. Þar er ekki heimilt að bakka nema brýna nauðsyn beri til.

Í skólabíl skulu vera upplýsingar um akstursáætlun, nemendalisti og símaskrá með símanúmerum forráðamanna allra nemenda á viðkomandi akstursleið. Ritari Flóaskóla ber ábyrgð á að taka saman þær upplýsingar fyrir bílstjóra og upplýsa þá ef breytingar verða.

5.gr. Öryggi og búnaður skólabifreiða

Bifreið, sem notuð er í skólaakstri, skal uppfylla skilyrði til aksturs með grunnskólabörn eins og getið er um í reglum um skólaakstur nr. 656/2009.

Bifreiðastjóri skal sjá til þess að nemendur séu í öryggisbeltum og skal ekki leggja af stað fyrr en öll öryggisatriði hafa verið uppfyllt.

Samkvæmt reglugerð nr. 348/2007 um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum þarf barn lægra en 135 cm á hæð ávallt að vera í öryggis- og verndarbúnaði sem hæfir hæð þess og þyngd. Samkvæmt 6. gr. er leyfilegt í hóp bifreið að nota þann öryggis- og verndarbúnað fyrir börn sem er til staðar í bifreiðinni.

Bifreiðastjóra ber að sýna aðgát og taka tillit til aðstæðna og veðurs áður en nemendum er hleypt út úr skólabifreið.

Bifreiðastjóri í samráði við skólastjóra leggur mat á hvort aðstæður séu með þeim hætti, t.d. vegna veðráttu eða ófærðar, að breyta þurfi akstursáætlun samkvæmt óveðursáætlun Flóaskóla sem sjá má á heimasíðu skólans (www.floaskoli.is)

6.gr. Bifreiðastjóri skólabifreiða

Bifreiðastjóri skal kappkosta að halda áætlun og gera hverja ferð sem þægilegasta fyrir nemendur eins og kostur er. Hann skal haga akstri þannig að nemendur komi á tilsettum tíma í skólann, ekki of seint né of snemma til að forðast aukinn biðtíma.

Komi upp vandamál í skólabíl svo sem vanlíðan, einelti eða stríðni eða verði bifreiðastjóri var við að barn eigi í erfiðleikum ber honum að ræða það við skólastjóra og/eða forráðamenn.

Ákvæði um þagnarskyldu starfsfólks skóla og tilkynningarskyldu til barnaverndaryfirvalda taka til bifreiðastjóra skólabifreiðar þó að hann sé ekki starfsmaður sveitarfélags.

7.gr. Fatlaðir nemendur

Nemendur sem sökum fötlunar geta ekki nýtt sér hefðbundin skólaakstur eiga rétt á ferðapjónustu til og frá skóla, skv. 35.gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, þeim að kostnaðarlausu.

8.gr. Um meðferð ágreiningsmála

Telji forráðamaður nemanda einhverju áfátt í fyrirkomulagi skólaaksturs eða að á rétti barns sé brotið ber honum að leita til sveitastjóra/fræðslunefndar.

10.gr. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi við staðfestingu sveitarstjórnar Flóahrepps og skulu þær vera aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins (www.floahreppur.is).

Samþykkt í fræðslunefnd Flóahrepps 18.01.2022

Staðfest í Sveitarstjórn Flóahrepps 08.02.2022